

**Ed.**

### **539. Nefndarálit**

um frv. til laga um mentaskóla og gagnfræðaskóla í Reykjavík og á Akureyri.

#### **Frá mentamálanefnd.**

Nefndin hefir athugað frv. þetta á mörgum fundum og orðið ásátt um að leggja til, að það verði samþykkt með allmörgum fremur smávægilegum breytingum, en engar þeirra raska þeim grundvelli, sem frv. er bygt á.

Að því er snertir mentaskólana eða fræðsluna til stúdentsprófs gerir frv. þær tvær aðalbreytingar á núverandi tilhögun, að mentaskólarnir verða tveir, hinn sjálfstæði skóli í Reykjavík og mentadeild gagnfræðaskólans á Akureyri, og að námstíminn í mentaskólunum er ákveðinn 4 ár, en var áður að forminu til 3 ár í Reykjavík, en skólinn þó 6 ára skóli.

Fyrnefnda breytingin, að stofna mentadeild á Akureyri, hefir fram að þessu verið ágreiningsefni, en í nefndinni var fult samkomulag um að láta þann ágreining niður falla, og sinna þá jafnframt rjettmætum kröfum um endurbætur á skólanum í Reykjavík, sjerstaklega stofnun heimavista við þann skóla.

Síðari breytingin, 4 ára mentaskólanámið, felur að sjálfsgöðu það í sjer, að miklu meiri þekkingar verður krafist við inntökupróf í mentaskólana en hingað til hefir verið krafist til inntöku í 6 ára skóla. Nefndin hefir fallist á ákvæði frv. um inntökuprófskilyrði í mentaskólann og mentadeild Akureyrarskólans óbreytt að efni til, og ællast til, að þau verði framkvæmd á þann hátt, að stúdentamentunin verði ekki rýrð frá því, sem nú er, þrátt fyrir fækkun námsáranna í skólanum syðra.

Fyrir brtt. verður að öðru leyti gerð grein í framsögu. Einn nefndarmaður hefir sjerstöðu að því er snertir ákvæði frv. og breytingartillagnanna um skólagjöld og um einstök önnur atriði, og skrifar undir nál. með fyrirvara.

#### **BREYTINGARTILLÖGÜR.**

1. Við 1. gr. Orðin »og átta bekkjum« falli burt.
2. Við 5. gr. Á eltir »sagnfræði« komi: trúarbrögð.

3. Við 6. gr. Orðin »Eigi má — neinum bekk« falli burt.
4. Við 7. gr. Aftan af fyrstu málsgrein falli orðin: i samráði við skólaráð.
5. Við 7. gr. Fyrsti liður 2. málsg. orðist svo:  
Við árspróf skulu vera 2 prófdómendur, annar úr flokki kennara, hinn skipaður af kenslumálaráðuneytinu, en við stúdentspróf 2 prófdómendur, skipaðir af því.
6. Við 8. gr. Á eftir »svo og« komi: nánar.
7. Við 9. gr. Á eftir orðunum »Ljúka má námi« komi: i einstökum námsgreinum.
8. Við 12. gr. 7. liður orðist svo: 7) Hafá numið almenna landafræði og vera leikinn i að nota landabryjef.
9. Við 16. gr. Fyrsta málsgrein orðist svo:  
Fastir kennarar skólans skulu eigi vera færri en 8 og eigi fleiri en 10, og er einn þeirra jafnframt skólameistari.
10. Við 16. gr. Aftan við greinina bætist: Svo skal og leitað umsagnar skólameistara um skipun fastra kennara.
11. Við 18. gr. Á eftir »orðið skipaður« komi: fastur.
12. Við 18. gr. Orðin »í verki« i síðari málsg. falli burt.
13. Við 19. gr. Greinin falli burt.
14. Við 22. gr. Greinin orðist svo:  
Kenslumálaráðuneytið hefir yfirstjórn skólans. Sjer til aðstoðar hefir það skólaráð, og skal ákveðið um það i reglugerð. Má þar ákveða, að Alþingi, bæjarstjórn Reykjavíkur og fjelag útskrifaðra nemenda eða stúdentafjelag taki þátt i skipun skólaráðsins.  
Skólaráðið starfar ókeypis, en fær kostnað við símanot og brjefaskifti goldinn úr skólasjóði.
15. Við 23. gr. Greinin orðist svo:  
Skólaráðið skal árlega halda 1 aðalfund og aukafundi er þörf krefur. Getur það gert tillögur um sjerhvað, er það telur skólanum til hagsmuna. Svo skal það og vera kenslumálaráðuneytinu og skólameistara til ráðuneytis. hvenær sem þess er óskað. Skytt skal að bera reglugerð og breytingar á henni undir skólaráðið.
16. Við 25. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:  
Svo fljótt sem ástæður rikissjóðs leyfa skal koma upp heimavistum fyrir 40 til 50 nemendur skólans og búa þær nauðsynlegustu húsgögnum á kostnað rikissjóðs. Í heimavistahúsinu skal vera íbúð fyrir kennara til umsjónar og samkomusalur. Svo skal og heimilt að ætla húsrúm og nauðsynleg áhöld sameiginlegu mótuneyti heimavistanemenda. Utanbæjarnemendur ganga fyrir heimavistum, og skulu heimavistanemendur njóta ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.
17. Á eftir 25. gr. komi ný grein, þannig:  
Ráðuneytið setur reglugerð fyrir skólann, er kveður nánar á um einstök atriði, er hann varða, svo sem verksvið skólaráðs og kennara-funda, umsjón með skólahúsi, skyldur kennara til umsjónar með nemendum og annað, er þurfa þykir.

18. Aftan við 1. kafla komi ný grein, þannig:  
 Meðan skólinn er haldinn í núverandi skólahúsi tekur hann eigi á móti fleiri nemendum en svo, að í hverri ársdeild sjeu 2 bekkir, fullskipaðir við kenslu í sameiginlegum námsgreinum máladeildar og stærðfræðideildar. Nú verður nemendatala deildanna svo misjöfn, að eigi rúmast allir nemendur annarar deildarinnar í einum bekk við kensluna í sjerfræðum þeirrar deildar, og skal þá aukreitis halda uppi sjerkenslu fyrir þá nemendur, er umfram verða.
19. Við 29. gr. Aftan við greinina bætist: Heimilt er að ákveða í reglugerð próf í einstökum námsgreinum sem inntökuskilyrði.
20. Við 30. gr. Aftan við greinina bætist: og fullnægja aldursskilyrðum, er samsvara ákvæðum 29. gr.
21. Við 31. gr. Á eftir »vjelritun« komi: þýsku.
22. Við 36. gr. Greinin orðist svo:  
 Skólastjóri hefir á hendi daglega stjórn skólans og ræður aukakennara og stundakennara í samráði við skólanefnd.
23. Við 38. gr. Greinin orðist svo:  
 Ríkissjóður lætur á árunum 1929, 1930 og 1931 reisa hús handa gagnfræðaskólanum í Reykjavík. Leggur Reykjavíkurbær til ókeypis lóð, sem kenslumálaráðuneytið tekur gilda, og ennfremur ókeypis vatn úr hitauppsprettu bæjarins. Ríkissjóður leggur fram  $\frac{2}{3}$  byggingarkostnaðar, en Reykjavíkurbær  $\frac{1}{3}$ . Úr ríkissjóði má verja í þessu skyni alt að 90000 kr.
24. Við 39. gr. Greinin orðist svo:  
 Úr ríkissjóði skal greiða 80 kr. í skólasjóð fyrir hvern reglulegan nemanda yfir skólaárið, þó ekki yfir 1600 kr. á hvern bekk skólans til jafnaðar, gegn 120 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur fyrir hvern þessara nemenda, þó ekki yfir 2400 kr. á hvern bekk.
25. Við 40. gr. Greinin orðist svo:  
 Skólanefnd ákveður kenslugjöld, og renna þau í skólasjóð. Eigi skulu færri en  $\frac{1}{4}$  innanbæjarnemenda njóta ókeypis kenslu. Heimilt er að ákveða utanbæjarnemendum alt að 60 kr. hærra kenslugjald en innanbæjarnemendum, þó ekki yfir 90 kr. á nemanda.
26. Við 41. gr. Fyrir málsliðinn »Á sama hátt — slíks nemanda« komi: gegn 9 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur.
27. Við 42. gr. Greinin orðist svo:  
 Skólasjóði má eigi verja til annars en rekstrar skólans.
28. Við 41. gr. Fyrir »Utanbæjarnemendur« komi: Nemendur.
29. Við 46. gr. Síðasta málsgrein falli burt.
30. Við 47. gr. a) Eftir »islensk fræði« komi: Norðurlandamál.  
 b) Eftir »sagnfræði« komi: trúarbrögð.
31. Við 49. gr. Tvær fyrstu málsgreinarnar orðist svo:  
 Í hverjum bekk skal haldið árspróf. Lokapróf mentadeildar er stúdentspróf. Ljúka má námi í einstökum námsgreinum í öðrum og þriðja bekk mentadeildar, en þá skal um prófdómendur í þeim greinum fara

eins og um stúdentspróf, enda skulu þær einkunnir og taldar á stúdentsprófskirteinum.

Við árspróf skulu vera 2 prófdómendur, annar úr flokki kennara, hinn skipaður af kenslumálaráðuneytinu, en við stúdentspróf 2 prófdómendur, skipaðir af því.

32. Við 50. gr. Orðin »en aðaleinkunnir — og lakari« falli burt.
33. Við 51. gr. Orðin »með samþykki skólanefndar« falli burt.
34. Við 53. gr. 8. liður orðist svo: 8) Í landafræði: Hafa numið almenna landafræði og vera leikinn í að nota landabryf.
35. Við 54. gr. Síðari málsgrein falli burt.
36. Við 55. gr. Aftan við »30. maí« komi: nema öðruvísi verði ákveðið í reglugerð, að fengnum tillögum skólameistara.
37. Við 56. gr. Aftan við greinina bætist:  
Svo skal og leita álits skólameistara um skipun fastra kennara.
38. Við 61. gr. Greinin orðist svo:  
Kenslumálaráðuneytið hefir yfirstjórn skólans. Sjer til aðstoðar hefir það skólaráð, og skal ákveðið um það í reglugerð. Má þar ákveða, að Alþingi, bæjarstjórn Akureyrar og fjelag útskrifaðra nemenda eða stúdenta-fjelag taki þátt í skipun skólaráðsins.  
Skólaráðið starfar ókeypis, en fær kostnað við símanot og brjefaskifti goldinn úr rikissjóði.
39. Við 62. gr. Greinin orðist svo:  
Skólaráðið skal árlega halda 1 aðalfund og aukafundi er þörf krefur. Getur það gert tillögur um sjerhvað, er það telur skólanum til hagsmuna. Svo skal það og vera kenslumálaráðuneytinu og skólameistara til ráðuneytis hvenær sem þess er óskað. Skyllt skal að bera reglugerð og breytingar á henni undir skólaráðið.
40. Við 63. gr. Á eftir »skólasjóð« í fyrri málsg. komi: mentadeildar — og fyrir »mentadeildar« í síðari málsg. komi: þessum.
41. Við 65. gr. Á eftir 1. tölulið komi nýr töluliður, þannig: 2) að standast próf í íslensku, reikningi og dönsku, eftir því sem ákveðið verður í reglugerð. — (Liðatalan breytist samkv. þessu).
42. Við 67. gr. Á eftir »vjelritun« komi: þýsku.
43. Við 69. gr. Á eftir »árspróf« komi: í gagnfræðadeild.
44. Við 70. gr. Greinin orðist svo:  
Meðan gagnfræðakenslan fer fram í núverandi skólahúsi, leggur ríkið henni til ókeypis húsnæði, ljós og hita. Ennfremur kostar ríkið kensluna í 2. og 3. bekk gagnfræðadeildar óskiftum. Kostnaður við kenslu í 1. bekk greiðist úr skólasjóði gagnfræðadeildar samkvæmt ákvæðum 74. gr. Sama gildir og, ef skifta þarf vegna mikillar aðsóknar öðrum eða þriðja bekk gagnfræðadeildar, og um námsskeið eða sjernám í sambandi við gagnfræðadeild.
45. Við 74. gr. Síðari málsgrein orðist svo:  
Úr rikissjóði skal greiða í skólasjóð gagnfræðadeildar 80 kr. yfir

skólaárið fyrir hvern reglulegan nemanda í þeim bekkjum gagnfræðadeildar, þar sem rikissjóður kostar ekki kensluna samkvæmt 70. gr., þó ekki yfir 1600 kr. á bekk til jafnaðar, gegn 120 kr. framlagi úr bæjarsjóði Akureyrar fyrir hvern þessara nemenda, þó ekki yfir 2400 kr. á hvern bekk. Ennfremur greiða nemendur gagnfræðadeildar kenslugjald í skólasjóð, 60 kr. yfir skólaárið. Innanbæjarnemendur eru þó undanþegnir þessu skólagjaldi, eftir að Akureyrarbær hefir tekið á sig greiðslur til skólasjóðs samkvæmt framansögðu. Úr skólasjóði skal greiða kostnað við kenstu og annan rekstur gagnfræðadeildar, að undanskilinni kenstu þeirri og húsnæði, er rikissjóður leggur til samkvæmt 70. gr.

46. Við 75. gr. Fyrir »Utanbæjarnemendur« í síðustu málsgr. komi: Nemendur.  
47. Við 76. gr. Greinin falli burt.

Alþingi, 5. maí 1929.

Jón Jónsson,  
form.

Erlingur Friðjónsson,  
fundaskrifari,  
með fyrirvara.

Jón Þorláksson,  
frsm.